

Mátti ekki seinna vera

Það var einn þessara daga
þegar líkami og sál virtust aðskilin
í dofinni kvöl
og ráfuðu um, hvort í sínu horninu
á tilverunni.
Jaðraði við uppgjöf,
öryggið eins og veikur þráður
og þættirnir að bresta hver af öðrum.

Þá var það að sást til sólar
í miðjum vetrinum
og líf kviknaði á ný
í áður andvana augum.

Um þrönga slóð

Í þá daga var hún aldrei ein,
óttinn var alltaf nálægur
og verndaði hana fyrir hinu góða.

Enn er hún ekki ein,
en nú er það ástin sem henni fylgir
og verndar hana gegn óttanum.

Líkt og þegar grös taka að spretta í vorinu.

Hulan mjúka

Húmið læðist hægt inn í daginn,
og fyrr en varir er komið myrkur.

Myrkur, — hulan mjúka,
sem slævt hefur svo margar sorgir,
hægt ekki og þerrað tár af hvarmi

ein þess megnug að breyta talsýn
í fyrirheit um betra líf.